

Í árdaga

Eftir 1870 var farið að setja saman sönglög hér á landi. Fyrstu lögin voru einföld kórlög með fyrirmynd í norrænum alþýðulögum. Kórlagagerðin þróaðist allhratt þannig að um aldamótin 1900 gátu kórar landsins haft allmörg þokkalega efnismikil íslensk sönglög á efnisskrám sínum.

Þó þeir fáu sönglagahöfundar sem hér störfuðu hafi strax ætlast til þess að sum lögin væru einnig flutt af einum söngvara með hljóðfæraundirleik var kórahugsunin samt yfirsterkari – líka þegar undirleikur var settur með íslenskum þjóðlögum.

Efni þeirra erlendu sönglagabóka sem íslenskir flytjendur og áhugamenn höfðu undir höndum á þessum tíma er mest frá tímabilinu 1790 til 1870, stöku yngri verk. Fyrstu íslensku verkin bera mikinn og sterkan svip af þessum fyrirmyndum.

Í upphafi þessarar kvöldstundar verða flutt tvö erlend lög frá átjándu öld, annað eftir Mozart, en hitt eftir J.A.P. Schulz. Þeir settu báðir saman alþýðusöngvabækur sem höfðu stefnumarkandi áhrif víða um lönd. Bæði lögin eru flutt við alkunna íslenska texta (*Nú tjaldar foldin fríða* og *Nú bláanar yfir berjamó*). Því næst heyrum við dæmi um lög þeirra bræðra Jónasar og Helga Helgasona. Báðir voru þeir brautryðjendur tónlistar hér á landi. Helgi setti á blað fáein „einsöngslög“ sem segja má að heyrst aldrei, dæmi um þau verða flutt á tónleikunum – auk fyrsta lags hans, frá 1864.

Allmargir íslenskir höfundar sendu frá sér smálög, um og í kringum aldamótin 1900. Þeirra á meðal eru Magnús Einarsson organisti og kórstjóri á Akureyri, mikill tónlistarmaður, og Kristján Kristjánsson læknir á Seyðisfirði.

Á dagskránni eru tvö lög eftir Árna Beintein Gíslason, upprennandi sönglagahöfund í lok 19. aldar sem dó alltof ungur. Í ár minnst menn 150 ára fæðingarafmælis Árna Beinteins. Lögin samdi hann vorið 1895.

Tvö fyrstu „eiginlegu“ einsöngslögin sem komu út á prenti hér á landi árið 1899 samdi Bjarni Þorsteinsson prestur í Siglufirði rétt fyrir aldamót. Þetta eru *Systkinin* og *Kirkjuhvoll*. Þau eru bæði á dagskránni ásamt tveimur lögum sem Bjarni gaf út 1904.

Mikil þáttaskil urðu með útgáfu fjögurra einsöngslaga Sigfúsar Einarssonar 1904. Sigfús var um það leyti að ljúka tónlistarnámi í Kaupmannahöfn. Öll lögin hafa notið mikilla vinsælda. Tvö þeirra, *Gígjan* og *Augun bláu*, verða flutt hér.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld hafði, þegar hér var komið sögu, dvalið lengi í Edinborg og gefið þar út allmörg einsöngslög. Gallinn er sá að við vitum ekki nákvæmlega hvenær flest laganna voru prentuð, en hlýðum samt á tvö dæmi um þessi verk Sveinbjörns.

Árið 1907 kom út fyrsta einsöngslagahefti Árna Thorsteinsonar, *12 sönglög*. Í því eru margar helstu perlur íslenska einsöngslagsins. Við hlýðum á tvö dæmi, hið fyrra, *Sólskinsskúrin*, heyrir ekki oft, en hið síðara, *Nafnið*, er eitt af bestu lögum Árna. Sama ár gaf Jón Laxdal út tvö sönglög, annað þeirra mjög þekkt, *Sólskríkjan*, en hitt, *Fuglar í búri*, hefur gleymst – ómaklega. Bæði lögin eru á dagskránni.

Sigvaldi Kaldalóns var byrjaður að semja lög um þetta leyti, þó ekkert kæmi út á prenti eftir hann fyrr en 1915. Eitt af fyrstu lögum hans, *Við sundið*, er á dagskrá kvöldsins.

Trausti Jónsson

Aldursröð íslenskra höfunda:

Jónas Helgason	1839–1903
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	1847–1927
Helgi Helgason	1848–1922
Magnús Einarsson	1848–1934
Bjarni Þorsteinsson	1861–1938
Jón Laxdal	1865–1928
Árni Beinteinn Gíslason	1869–1897
Kristján Kristjánsson	1870–1927
Árni Thorsteinson	1870–1962
Helgi Sigurður Helgason	1872–1958
Sigfús Einarsson	1877–1939
Sigvaldi S. Kaldalóns	1881–1946